

Mættir eru á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Fundargerð samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Myndlistarsjóður: Seinni úthlutun 2020

Matsnefndir hafa lokið störfum sínum og eru tillögur þeirra að úthlutunum lagðar fram til samþykktar.

Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum (Guðrún Erla Geirsdóttir og Hlynur Helgason) kynna niðurstöður nefndanna og fara efnislega yfir þau verkefni sem mælst er til að hljóti styrk úr sjóðnum í seinni úthlutun ársins.

Myndlistarráð úthlutar 22 milljónum í styrki til 71 verkefna í seinni úthlutun sjóðsins á þessu ári. Sjóðnum bárust 160 umsókn og sótt var um fyrir rúmum 115 milljónum alls.

Áætlaðar heildarupphæðir milli flokka héldu og skiptust eftirfarandi; 2 verkefni í flokki, aðrir styrkir, 20 verkefni í flokki undirbúningsstyrkja, 14 verkefni í flokki útgáfu og rannsóknstyrkja, 21 verkefni í flokki minni sýningarverkefni og 16 til stærri sýningarverkefna. Samþykktar heildarupphæðir eru svo hljóðandi:

Aðrir styrkir:	800.000 kr.
Minni sýningarverkefni:	4.700.000 kr.
Stærri sýningarverkefni:	7.700.000 kr.
Undirbúningsstyrkir:	2.200.000 kr.
Útgáfu- og rannsóknarstyrkir:	6.600.000 kr.

Matsnefndastörf gengu vel og margar góðar umsóknir. Matsnefndir voru tvær, önnur fór yfir umsóknir í flokki rannsókna og útgáfustyrkja, styrkir til stærri sýningarverkefna og aðrir styrkir. En hin yfir styrki til minni sýningarverkefna og undirbúningsstyrkja. Sérstaklega þóttu margar umsóknir í flokki undirbúningsstyrkja góðar og voru 20 umsóknir sem fengu styrk.

Í flokki sýningarverkefna þótti matsnefnd verkefnin fjölbreytt, en einnig bar á áhrifum heimsfaraldursins þar sem alþjóðleg verkefni voru færri. Í flokki stærri styrkja hlaut Myndhöggvarafélagið annan af hæstu styrkjunum 1.000.000 kr. fyrir fjórðu sýninguna í sýningarverkefninu Hjólið (50 ára afmælisýning) og í flokki útgáfustyrkja hlaut Félag um listasafn Samúles Jónssonar einnig 1.000.000 kr. fyrir útgáfu bókar. Einnig hlaut Afmælisnefnd Leirlistafélags Íslands styrk að upphæð 600.000 kr í flokki stærri sýningarverkefna í tilefni af 40 ára afmæli félagsins á næsta ári.

Myndlistarráð samþykkir niðurstöður matsnefnda einróma. Svarbréf og fréttatilkynning verða send út í vikunni.

Rætt var um nýja umsóknarkerfið sem að öllu jöfnu reyndist vel. Auðvelt var að nálgast umsóknir og fjalla um. Hinsvegar mætti laga umsóknarformið enn frekar t.m. fækka orðafjölda og skýra verkefnaheiti nánar. Nákvæmari kostnaðaráætlun gafst vel og auðveldaði vinnu við matsnefndarstörf.

3. Afhending styrkja

Ákveðið var að hafa ekki afhendingu viðurkenningaskjala í lok árs eins og venja er, bæði vegna heimsfaraldursins COVID 19 en einnig að þá er orðið of langt um liðið frá því úthlutun átti sér stað. Staðfesting verður send í tölvupósti ásamt praktískum upplýsingum til styrkhafa eins og áður. Send verður fréttatilkynning til fjölmiðla og birtar verða tilkynningar á samfélagsmiðlum. Á næsta ári verður afhendingin endurskoðuð.

4. Myndlistarráð tilnefnir fulltrúa í stjórn tímarits um íslenska myndlist

Myndistarráð tilnefnir Helga Þorgils Friðjónsson, formann myndlistarráðs fulltrúi sinn í stjórn tímaritisins. Tímarit um íslenska myndlist, varð nýlega samstarf á milli KÍM, SÍM, LHÍ og Myndlistarráðs. Ritstjóri er Starkaður Sigurðarson (SÍM) en stjórn skipa: Auður (Kím) , Helgi (Myndlistarráð), Sigrún Hrólfs (LHÍ).

5. Önnur mál

Myndlistarráð fjallar um þá stöðu sem upp er komin í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni. Ákvörðun var tekin að senda stutta og almenna yfirlýsingu frá ráðinu til bæjarstjórn Kópavogsbæjar.

Auður segjir frá hugmyndum vinnuhóps um hvernig mætti samnýta krafta Myndlistarráðs og KÍM til að styðja enn betur við íslenska myndlistarsenu. Vel var tekið í þá hugmynd.

Fundi slitið kl.10:15

Næsti fundur ráðsins er áætlaður mánudaginn 26. október kl. 8:30.

Mættir eru á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, framkvæmdastjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Myndlistarsjóður: Seinni úthlutun 2020 – Framhald af síðasta fundi.

Matsnefndir hafa lokið störfum sínum á 11 umsóknum sem stóðu út af og eru tillögur þeirra að úthlutunum lagðar fram til samþykktar.

Vegna mistaka við útkeyrslu umsókna úr nýja umsóknarkerfinu þurfti að kalla út aukafund með myndlistaráði þann 25. september. En 11 umsóknir fengu ekki umfjöllun hjá matsnefndum sökum handvamar við útkeyrslu gagna og voru matsnefndirnar kallaðar til starfa um leið og misstökin uppgötvuðust.

Umsóknirnar 11 skiptust eftirfarandi: 2 verkefni í flokki, aðrir styrkir, 4 verkefni í flokki undirbúningsstyrkja, 0 verkefni í flokki útgáfu og rannsóknstyrkja, 3 verkefni í flokki minni sýningarverkefni og 2 til stærri sýningarverkefna. Samtals var sótt um 9.733.750 ISK og er þá heildarupphæð allra umsókna 124 milljónir alls og umsóknir alls 171.

Matsnefnd skilaði niðurstöðum sínum og þrjár umsóknir fengu styrk. Þær skiptust eftirfarandi: 1 í flokki minni sýningarverkefni, 1 í flokki undirbúningsstyrkja og 1 í stærri sýningarverkefni. Við það bættust 500.000 kr. við úthlutunarupphæðina og heildarumsóknir sem fengu styrk eru þá orðnar 74.

Myndlistarráð samþykkti tillögur matsnefndar og lokatölur eru þá svohljóðandi:

Aðrir styrkir:	800.000 kr.
Minni sýningarverkefni:	4.800.000 kr.
Stærri sýningarverkefni:	8.000.000 kr.
Undirbúningsstyrkir:	2.300.000 kr.
Útgáfu- og rannsóknarstyrkir:	6.600.000 kr.

Eða samtals 22.5 milljónir kr.

Svarbréf og fréttatilkynning verða send út samdægurs.

Fundi slitið kl. 9:14

Næsti fundur ráðsins er áætlaður mánudaginn 26. október kl. 8:30.